

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	1. 4. 2020
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Agnes Sif Andrésdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um hækkun jafnaðarstundar vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.
Þjónustuþáttur:	NPA
Stofnun/kostn.st.:	F4410
Fjárhæð:	135 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan snýr að breytingum á kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar og Eflingar. Kjarasamningurinn var undirritaður þann 20. desember 2021. Markmiðið er m.a. að innleiða betri vinnutíma í vaktavinnu. Í flestum kjarasamningum sem voru undirritaðir veturinn 2019-2020 er kveðið á um heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Já, meginmarkmið breytinganna er að stuðla að jafnrétti. Með betri vinnutíma í vaktavinnu er t.d. verið að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og þjónustuþega auk þess sem þeim er ætlað að auka jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Einnig er verið að gera störf í vaktavinnu eftirsóknarverðri.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Fatlaða einstaklinga með NPA-samning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar og starfsmenn þeirra.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.